

Jón Erlingur Þorláksson, Rannsóknargættur 19/14 1993

Um frumvarp til skaðabótalaga

Hvað eru menn sammála um — hvað veldur ágreiningi?

Frumvarp til skaðabótalaga var lagt fram á Alþingi árið 1992 og aftur snemma árs 1993 með nokkrum breytingum. Það er samið af Arnfríði Björnssyni, prófessor í lögum, að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins. Af umræðu, sem orðið hefur um frumvarpið, má ráða að menn séu sammála um ýmis ákvæði þess. Um önnur eru skiptar

Í þessu greinarkorni er ætlunin að taka til umræðu þrjú atriði, sem snerta ákvörðun bóta fyrir varanlegt líkamstjón. Þau eru einhver hin mikilvægustu í frumvarpinu. Um tvö þeirra virðast menn sammála, en greinir á um hið þriðja.

Miskabætur (áverkabætur)

Frumvarpið gerir ráð fyrir að bætur fyrir varanlegt líkamstjón skiptist í tvo hluta, miskabætur og greiðubætur. Hér á eftir verða þessi hugtök kölluð áverkabætur og bætur fyrir tekjutap eða tekjubætur.

Áverkabætur grundvallast á mati læknisfræðilegrar örorku. Það er hér kallað áverkamat, en hefur hingað til verið nefnt örorkumat. Áverkamat er mat á áverkkanum, gert af lækni. Sem mælikvarði er notuð tala um áverkamat. Hún hefur stig frá 0 og upp í 100. Stig-in er oftast kölluð prósentur. Samkvæmt töflunni er missir vísingurs 10 stiga áverki, svo dæmi sé tekið, en alblinda 100 stig. Varanlegur áverki er metinn þegar lækningartilraunum er lokið og ekki von á frekari bata.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að áverkabætur séu í beinu hlutfalli við áverkastig og verði 4.000.000 kr. fyrir 100 stiga áverka (allt að 6.000.000 ef sérstaklega stendur á, t.d. ef hinn slasaði hefur mist sjón að fullu og einnig skaddast á útlimum). 10 stiga áverki bætist með 400.000 kr. Engar bætur greiðast, ef áverki er minni en 5 stig. Áverkabætur lækka um helming á aldursbilinu frá 60 til 69 ára.

Gert er ráð fyrir að áverkabætur séu hinar sömu hver sem á hlut, nema aldur valdi mun. Þær eru staðalbætur, eins fyrir alla.

Ekki er ágreiningur um þá aðalreglu að áverkabætur skuli vera hinar sömu til allra, svo mér sé kunnugt. Reglan er í anda jafnaðar og mannréttinda og til fyrirmyndar að því er séð verður.


Bætur fyrir tekjutap

Börn og aðrir tjónþolar, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur (unglingar, námsmenn, húsmóður o.fl.)


Þarna mun vera um að ræða nálagst helming allra sem slasast. Unglingar eru fjórminni í hópi slasaðra, því miður. Eg tala um tekjulaust fólk til hægðarauka.

Bætur fyrir tekjutap hjá tekjulausum eru einnig staðalbætur skv. frumvarpinu, þ.e. eins fyrir alla miðað við sama áverka. Þær fara lækkanði með aldri frá og með 26 ára og hverfa alveg við 70 ára aldur. — Engar bætur greiðast ef áverki er metinn minni en 15 stig. Eftir það fara tekjubætur stíghækkandi með áverkastigi og komast upp í 16.000.000 kr. þegar áverki er 100 stiga.

Myndritið að neðan sýnir hvernig áverkabætur, tekjubætur og heildarbætur breytast með áverkastigi. Miðað er við einstakling sem er 25 ára eða yngri, svo að lækunar bóta vegna aldurs gæltir ekki.



Breyting eftir aldri sést á næsta línuriti. Það á við einstakling með 100 stiga áverka.



Ekki er það sjálfgefið að bætur til þessa fólks séu staðlaðar. Höpurinn er ekki samstæður.

Taka má sem dæmi annars vegar unga húsmóður, lítið menntaða, og verkfræðistudent sem er langt kominn í námi. Er eðlilegt að þessir aðilar fái sömu bætur fyrir sams konar áverka, t.d. slæman hálsþrykk, sem gert er ráð fyrir að hafi óþægindi í för með sér það sem eftir er ævinnar. Þjótt á lítið getur virst sem verkfræðistudentinn eigi að fá hærri bætur vegna þess að verkfræðingar hafi hærri tekjur að meðaltali. Ef betur er að gælt er ekki víst að það sé rétt niðurstaða. Hér er fjallað um um einstaklinga en ekki starfsstéttir. Óvíst er að hinn tiltekni verkfræðistudent hafi þegar á allt er lítið hættu á ævinnarinn en konan. Hann getur átt eftir að fara í framhaldsnám. Menn leggja mismikla áherslu á tekjuöflun. Heimilisstörf ber að meta til tekna. Enginn veit hvað konan mun gera þegar börnin stækka. En setjum svo að verkfræðingurinn hafi hærri ævitekjur. Þar með er ekki sagt að hann tapi meiru vegna slyssins. Vera má að hann hafi betri aðstæðu til að verjast óþægindum. Konan á e.t.v. frekar undir högg að sækja á vinnumarkaðnum, þegar þar að kemur, og má síður við áföllum.

Tekjutap af völdum slyss er strangt tekið mismunur tveggja stærða. Annars vegar eru ævitekjur viðkomandi af vinnu, frá slysdægi, ef hann hefur ekki orðið fyrir slysinu, og hins vegar tekjurnar

Þessi dæmi virðast sýna að hið einstaklingsbundna, fjárhagslega örorkumat er afar laust í reipum. Niðurstaðan getur ráðist að einhverju leyti af frásögn hins slasaða af því hvað hann treystir sér til að gera framvegis. Viðbúid er að menn læri á slíkt kerfi og haldi að sér höndum þar til bótamál er afgreitt. Það væri afleitt þróun og hentur okkur ekki.

dag er tjón varð.... Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða atvinnuhögum.... Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr.“

Þá er í frumvarpinu kveðið á um skipun örorkunefndar. Hún á að meta hve mörgum hundradshlutum tekna sinna hver einstaklingur tapar af völdum slyss. Það er í athugasemdum frumvarpsins kallað fjárhagslegt örorkumat.

Það er skoðun höfundar þessarar greinar að ekki sé neitt auðveldara að meta tjón einstaklings í þessum hópi af völdum slyss heldur en einstaklings í hópi hinna tekjulausa. Um er að ræða mismun tveggja óþekktra stærða eins og fyrr. Þess vegna tel ég að ekki eigi að skipta tjónholum í tvo hópa, heldur láta sömu staðalregluna gilda um alla. Reynt verður hér á eftir að færa rök fyrir því slíti.

Fyrst er vitnað til álits minnihluta danskrar skaðabótanefndar, sem starfaði á árunum 1966 til 1983. Þar segir í lauslegri þýðingu: „Minnihlutinn... telur ógerlegt að setja upp reiknisforsendu sem leiði til sanngjarnar og öruggar ákvörðunar á raunverulegu, einstaklingsbundnu tapi...“ Hann telur að útreikningur einstaklingsbundinna bóta, ekki stst fyrir alvarleg slysatjón, hljóti að grundvallast á forsendum um framtíðina og það líf, sem hinn

VETTvangur

slasaði mundi hafa lífað, ef hann hefði ekki orðið fyrir slysinu. Slíkar forsendur hljóti hins vegar að ákvarðast af almennum sjónarmiðum frekar en einstaklingsbundnum. Hafa verði í huga, að um langan tíma sé að ræða, sem hinn slasaði eigi óllífaðan, e.t.v. 40-50 ár. Enginn viti hvað framtíðin ber í skauti sér að því ef snertir tekjur, orlof og félagslega aðstöðu, ekki einu sinni fyrir meðalmanninn, hvað þá hlutaðeigandi einstakling. Einstaklingsbundnar bætur hafi og hann ókost að uppgjör hljóti að dragast á langinn þar til séð er hvernig hinu vinnu farnast eftir að lækningartilraunum er lokið og, ef svo þer undir, hvaða árangur endurhæfing ber. En þá er hætt við að vitneskjan um hinar óþupgerðu bætur geti einnig haft áhrif og orðið til þess að hinn slasaði nái sér seinna á strik í atvinnulífnum. Að þessu leyti hafi það mikla kosti bæði frá sjónarmiði samfélagsins og fyrir hinn slasaða sjálfan að bótamálið sé afgreitt fljótt og örugglega.“

Í athugasemdum frumvarpsins



eru tekin dæmi um mál í Noregi og Svíþjóð þar sem fjárhagslega örorkumati er beitt.

Dæmi frá Noregi: 25 ára sjónmaður missti annað augað í rýskingum. Hann var háseti þegar slysið varð, en fyrir lá að hann mundi hafa átt kost á stýrimannsstöðu ef hann hefði ekki slasast. Hann starfaði áfram sem háseti og námu laun hans 1.305.000 kr. á ári. Stýrimannslaun hefur hins vegar verið 20% hærri. Niðurstaðan varð sú að sjónmaðurinn var talinn hafa hlotið 20% fjárhagslega örorku af 1.305.000 kr. og fékk bætur sem námu sexfaldr þeirri upphæð. — Mér vakna spurningar: Hvað ef meiri munur hefði verið á launum stýrimanns og háseta? Hefðu þá bætur orðið þeim mun hærri? — Við getum hugsað okkur annan sjómann, sem einnig missti augað, en hafði ekki vilyrði um stýrimannsstöðu. Hefði hann engar bætur fengið fyrir varanlegt tekjutap? Enn má hugsa sér hann þrjúga, sem ekki treystir sér til að fara á sjórán aftur, heldur vinnur á búi foreldra sinna í sveitinni. Menn eru misjafnlega gerðir og taka þer tillit til þess í einstaklingsbundnu mati. Á að miða bætur til hans við mismun sjómanns- launa og lágra tekna á búinu?

Sænsk dæmi er af laganema, sem var um það bil hálfnaður í námi þegar hann missti annan fótinn rétt fyrir ofan hné í umferðarslysi. Hann notar, gervifót með góðum árangri. Hann tefst um eitt ár í námi, en að því loknu hefur hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu, en hugur hans stóð einmitt til þess. — Pilturinn fékk ekki bætur fyrir varanlegt tekjutap, þar sem hann gat sinnt starfinu sem hann hafði hugsað sér. — En ef hann hefði ætlað sér hærri launað starf, hvað þá? Annar laganemi, sem eins stóð á um, hefði hugsanlega haft aðra sögu að segja, t.d. á þessa leið: „Ég ætlaði mér að verja fulltrúi á lögmannsstofu og réði mig í slíkt starf þegar ég hafði lokið námi, en varð að hætta. Mér leiddi ekki vel, hafði þrautir í stúlnum og fannst fólk horfa á mig eins og ég væri furðuver. Slóan hef ég verið heima og gætt barnanna.“ Hvernig skal meta þetta? — Hér hafa Danir aðra laun. Þeir greiða í þessu tilviki staðalbætur, grundvallarór eingöngu á áverkamati, þar sem pilturinn var námsmaður þegar hann varð fyrir slysinu og í flokki tekjulausa. Hann fær í Danmörku sömu bætur og aðrir, sem verða fyrir eins áverka og hafa ekki unnið fyrir tekjum. Það er að mínum dómi besta lausnin fyrir alla aðila.

Þessi dæmi virðast sýna að hið einstaklingsbundna, fjárhagslega örorkumat er afar laust í reipum. Niðurstaðan getur ráðist að einhverju leyti af frásögn hins slasaða af því hvað hann treystir sér til að gera framvegis. Viðbúid er að menn læri á slíkt kerfi og haldi að sér höndum þar til bótamál er afgreitt. Það væri afleitt þróun og hentur okkur ekki.

Í dæmunum frá Noregi og Svíþjóð er greint frá niðurstöðum dómstóla. Það, sem kallað er fjárhagslegt örorkumat, er í rauninni

dómsniðurstæða. Dómari heggur á hnutinn þegar úrslit fást ekki öðruvísi.

Við getum hugsað okkur fiskverkunarstólku annars vegar og frystihússtjóra hins vegar, sem bæði hljóta stæman hálsáverka, metinn til 20 stíga. Spurningin er hvert sé tap þeirra hvors um sig. Þau halda bæði áfram starfi sínu, þó að þau hafi þrautir í hálsinum. Tapið felst þá e.t.v. í miðni yfirvinnu, hugsanlegu tapi síðar meir m.a. vegna hættu á starfsmissi af því að viðkomandi verður lakari vinnukraftur en ella, rýrari möguleikum til frama í starfi, minni getu til starfa á heimili, að viðhaldi hiðs og þíls, o.s.frv. Um þetta gildir svipað og áður var sagt um húsmóðurina og verkfræðistudentinn. Enginn veit hvoru þeirra slysið veldur meira tjóni. Leiða má getum að því að tjón yfirmannsins verði hlutfallslega minna, meðfram vegna þess að hann er ekki eins bundinn í fastar stellingar við starf sitt.

Það á ósjaldan við um hátt launáðar stöður að þær eru fallvaltar, þess vegna m.a. eru þær hátt launáðar. Forstjórar fyrirtækja missa stundum starf sitt vegna þess að fyrirtækin verða gjaldþrota. Líkt gildir um bæjarstjóra og aðra þá sem kosnir eru eða ráðnir pólitískri ráðningu. Þess vegna er hæpið að slá því föstu að miða skuli við tekjur næsta árs fyrir slysi.

Bóndi, sem verður fyrir slæmum hálsáverka, getur tekið það ráð að bregða búi og flytja í þéttbýlið. Þar fær hann (vonandi) vinnu. Laun þar eru iðulega hærri en tekjur af búskapnum. Fær þessi bóndi engar bætur fyrir tekjutap? Reyndar er eins víst að hann hafi

með því að hafa staðalbætur fyrir tekjutap nokkru lægri. En eftir sem áður verður misræmi, hjá því verður ekki komist. Annað ósamræmi felst í því að bætur atvinnufólks eru miðaðar við bruttólaun, þ.e. laun áður en skattar eru dregnir frá, og bæturnar eru skattfrjálssar. Hlutur hátækjumanns verður þannig tiltölulega ríflegri heldur en hins lægra launáða.

Lokaorð

Á þessu máli eru óendanlega margir fletir. Ég kemst alltaf að sömu niðurstöðu, hvaða flöt sem ég skoða: Besta lausnin er að allir fái sömu upphæð í bætur, ef þeir hafa orðið fyrir eins áverka. Þessa skoðun setti ég fram í grein í Tímariti lögfræðinga árið 1984. Þá hverfur skipting tjónþola í tvo flokka, tekjulausa og atvinnufólk, og sama staðalreglan gildir um alla. Meðferð mála verður einfaldari. Tjón er unnt að gera upp jafnskjótt og áverkamat liggur fyrir. Ekki þarf að kanna tekjur tjónþolans og vafatívik á mörkum hinna tveggja flokka hverfa.

Þótt bætur séu staðlaðar, er ekki þar með sagt að engin frávik megi heimila. Þannig getur staðið á að mönnum þyki augljóst að hinn slasaði verði fyrir meira tjón en almennit gerist af sama áverka. Þar má nefna fólk sem hefur aflað sér mikillar sérhæfingar á þróngu sviði og verður að gefa það á bætinn, eins og pianóleikara sem missir fingur. Enn fremur menn sem hafa háar tekjur og sannanlega tapa þeim. Þess vegna þarf að vera í lögum ákvæði á þá leið að heimilt sé að víkja frá staðalbótum, ef sannað er að tjónþoli hafi

Á þessu máli eru óendanlega margir fletir. Ég kemst alltaf að sömu niðurstöðu, hvaða flöt sem ég skoða: Besta lausnin er að allir fái sömu upphæð í bætur, ef þeir hafa orðið fyrir eins áverka.

ekki ráðið við sig, þegar tjónið er gert upp, hvort hann hættir búskap. Hvernig ætla menn þá að meta tap hans?

Aðferð frumvarpsins við ákvörðun árlegs taps er vafasöm. Finna skal tekjur tjónþola árið fyrir slysið, og örorkunefnd á að ákvarða tap í hundraðshlutum af þeim tekjum. Þarna eru tekjur árið fyrir slysi látnar jafngilda meðaltekjum á starfsævinni. — Í launakerfum eru gjarnan aldursþækkningar. Ef ungur maður verður fyrir slysi og hefur unnið eitt ár, þá fær hann samkvæmt frumvarpinu bætur í hlutfalli við lág laun sem hann hefur haft fyrsta árið. Annar maður eldri í starfi fær hærri bætur ef kringumstæður eru að öðru leyti eins. — Nær væri að örorkunefndin hefði það hlutverk að ákvarða upphæð árlegs taps og fengi frjálssar hendur til þess.

Það getur orkað tvímalis að skjóta inn millistigi eins og örorkunefnd. Dómarar hafa betri aðstöðu til að skera úr málum. Þeir hafa öll gögn máls fyrir sér og málflytjendur frá báðum hliðum. Úrskurður örorkunefndar getur orvaldað hæfitega niðurstöðu.

Þegar tjónþolum er skipt í tvo flokka, eins og gert er í frumvarpinu, með ólíkum bótareglum kemur upp misræmi milli flokka. Hugsun okkur tvær 25 ára konur sem báðar verða fyrir algerri örorku. Önnur er húsmóðir, en hin útvinnaði á lágum launum, 1.000.000 kr. á ári. Húsmóðirin á samkvæmt frumvarpinu að fá í bætur kr. 4.000.000 (miskabætur) + 16.000.000 (bætur fyrir varanlegt tekjutap), samtals 20.000.000 kr. Útvinnaði konan fær hins vegar 4.000.000 + 7.500.000 (miskabætur og 7,5-faldar árstekjur) eða samtals 11.500.000. Hér munar miklu. — Unnt er að fella kerfin betur saman en gert er í frumvarpinu, t.d.

orðið fyrir meira tjóni (eða minna) en almennit gerist af sama áverka. Ef til vill má hafa efri mörk, t.d. þannig að viðbót skuli aldrei vera meiri en hálfar staðalbætur.

Hér er ekki fjallað um önnur atviki frumvarpsins, sem skiptar skoðanir eru um, svo sem stökk í tekjubótum við 15 áverkastig og lækkun áverkabóta um helming með aldri. Því er sleppt til þess að dreifa ekki athyglinni frá hinum stærri þáttum.

Dönsku skaðabótalög, sem eru fyrirmynd frumvarpsins, eru yngstu skaðabótalög á Norðurlöndum. Í þeim eru bætur staðlaðar á grundvelli áverkamats, bæði áverkabætur og bætur fyrir tekjutap hjá þeim helmingi tjónþola sem eru tekjulausir. Tekjubætur til atvinnufólks eru hins vegar ekki staðlaðar. Það er eins í íslenska frumvarpinu. Í eldri skaðabótalögum, í Noregi og Svíþjóð, er ekki stöðlun bóta. Því má líta svo á að þróunin stefni í átt til staðalbóta. Ekki þarf að koma á óvart þótt gengið verði feti lengra í næstu norrænum skaðabótalögum og bætur staðlaðar til fulls. Íslendingar stíga það skref fyrstir, ef fylgt verður þeim hugmyndum sem haldið er fram í þessum línunum.

1/3 1993.

Höfundur er tryggingafræðingur.